

Kæri nýnemi í Hagfræðideild

Reykjavík, júlí 2017.

Starfsfólk í Hagfræðideild Háskóla Íslands býður þig velkominn til náms í deildinni.

Kennsla á 1. ári í Hagfræðideild hefst **mánudaginn 28. ágúst, nema** í námskeiðinu **HAG205G Línulegri algebru** þar sem kennsla hefst **mánudaginn 21. ágúst**. Stundatöflur verða birtar í ágúst á vef deildarinnar:

<http://www.hag.hi.is/>

Föstudaginn 25. ágúst kl. 14 verður kynningarfundur í Stóra salnum í Háskólabíói þar sem forseti Félagsvísindasviðs mun ávarpa nýnema á Félagsvísindasviði. Kl. 15 verður sérstök kynning fyrir nemendur í Hagfræðideild í stofu 104 á Háskólatorgi (Ht-104).

Dagskrá kynningarfundarins og nýnemadaga verður kynnt á heimasíðu deildarinnar <http://www.hag.hi.is/> Nemendum er ráðlagt að fylgjast vel með heimasíðu deildarinnar. Þar eru birtar tilkynningar og annað sem við kemur náminu.

Kennsla til BS/BA prófs í hagfræði miðast við, að nemendur hafi lokið a.m.k. 21 einingu í stærðfræði, 15 einingum í íslensku og 12 einingum í ensku.

Þegar skrásetningargjald hefur verið greitt er veflykillinn notaður til að sækja notendanafn og lykilorð á síðunni **nynemar.hi.is**. Eftir að því er lokið getur þú nýtt þér Uglu sem er innri vefur HÍ. Þar getur þú m.a. yfirfarið í hvaða námskeið þú ert skráð/ur, skoðað kennsluvef námskeiða, séð stundatöflu þína og námsferil. **Áriðandi** er að fara yfir námskeiðskráningar og leiðréttu þær ef með þarf – opnað verður fyrir breytingar eftir miðjan ágúst. Einnig er afar brýnt að nemendur skoði reglulega tölvupóst og tilkynningar í Uglu því flest öll samskipti Háskólans við nemendur fara fram með rafrænum hætti. Þetta gildir jafnt um skilaboð frá kennurum í einstökum námskeiðum sem og tilkynningar frá deildarskrifstofu og stjórnslu Háskólans. Heimasíða deildar: <http://www.hag.hi.is/>

Athygli er vakin á **undirbúningsnámskeiði fyrir fjárhagsbókhald (reikningshald)** sem hefst 14. ágúst og lýkur 25. ágúst. Námskeiðið verður daglega í stofu 201 í Odda frá kl. 17.00 – 19:00 fyrir nemendur í Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild. Fyrirlestrar verða frá 17:00 – 17:45 og dæmatímar frá 18 – 19.

Nemendur greiða fyrir námskeiðið, sem kostar **20 þús. kr.** Greiða skal inn á bankareikning **137-26-6030** (kt. Háskóla Íslands er **600169-2039**) fyrir 8. ágúst. Greiðsla er jafnframt skráning á námskeiðið.

Með góðri kveðju,
Starfsfólk Hagfræðideildar